

37. Við erum ein fjölskylda



Málafni	Mismunun, fjölskyldan og aðrir umsjáraðilar, kynjajafnrétti
Þyngdarstig	Stig 2
Aldur	8–10 ára
Tími	60 mínútur
Hópstærð	8–30 börn
Tegund verkefnis	Teikningar, umræður
Yfirlit	Börnin nota myndir og teikningar í umræðum um ýmsar fjölskyldugerðir og hugmyndir þar að lútandi
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að stuðla að fjölbreytileika og umburðarlyndi gagnvart því sem er frábrugðið hinu hefðbundna • Að fá börnin til að velta fyrir sér ýmsum uppeldisleiðum og því hvernig hugtakið fjölskylda er skilgreint • Að fjalla um mismunun gagnvart börnum sem alast upp við „óvenjulegt“ fjölskyldumynstur • Að kanna tengslin milli fjölskyldu og mannréttinda
Undirbúningur	• Taktu til nokkrar teikningar/ljósmyndir sem sýna mismunandi fjölskyldumynstur fyrir hvern hóp (t.d. einstætt foreldri, hefðbundna kjarnafjölskyldu, samkynhneigt par, samsettar fjölskyldur, ættleidd börn, stórfjölskyldur þar sem nokkrar kynslóðir búa saman)
Efniviður	• Ljósrit af öllum myndunum fyrir hvern hóp

Leiðbeiningar

1. Kynntu verkefnið og segðu börnunum að það gangi út á að skoða á hve margvíslegan hátt við skilgreinum það fólk sem við lítum á sem fjölskyldu okkar. Leggðu áherslu á að ekki búi öll börn við sams konar fjölskylduádstæður.
2. Segðu börnunum að teikna mynd af fjölskyldunni sem þau eiga heima hjá, þ.e. ekki þeirri fjölskyldu sem þau kunna að vera aðskilin frá, vildu að þau ættu, áttu einu sinni, o.s.frv. Hvettu þau til að setja inn upplýsingar um fjölskyldu sína ef þau vilja (t.d. nafn, aldur, kyn).
3. Segðu börnunum að ræða um aðrar fjölskyldugerðir sem þau þekkja til. Láttu þau síðan kynna teikningarnar sínar af eigin fjölskyldu.
4. Búið í sameiningu til lista yfir eins margar fjölskyldugerðir og þið getið, notið hugarflugið. Nefnið einhverjar sem ekki hefur verið minnst á.
5. Skiptu börnunum í fjögurra eða fimm manna hópa og láttu hvern hóp fá ljósrit af teikningunum/myndunum sem þú varst búin(n) að útbúa. Segðu hópunum að ræða um hver meginmunurinn á fjölskyldunum er eða hvað er „óvenjulegt“ við þær. Segðu þeim að ræða líka um fjölskyldumyndirnar sínar og hvort þær séu líkar eða ólíkar einhverri þeirra mynda sem þau fengu í hendur.

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Hvað gerðist í þessu verkefni?
 - b. Hversu auðvelt eða erfitt var að teikna og kynna eigin fjölskyldu?



- c. Komu myndir hinna barnanna ykkur á óvart? Hvers vegna?
 - d. Komu einhverjar hinna fjölskyldumyndanna ykkur á óvart? Hvers vegna?
 - e. Hvers urðuð þið vísari um fjölskyldulíf?
 - f. Hvernig haldið þið að þeim börnum líði sem eiga „öðruvísi“ fjölskyldu en gengur og gerist?
 - g. Hvernig getið þið komið þeim til hjálpar?
2. Tengdu verkefnið mannréttindum með því að spyrja spurninga á borð við:
- a. Eiga öll börn börn rétt á að lifa fjölskyldulífi?
 - b. Er mikilvægt að lifa fjölskyldulífi? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
 - c. Hvaða börn búa kannski ekki hjá neinni fjölskyldu? Hvar eiga þau heima?
 - d. Hver gætir þess að öll réttindi þeirra barna séu virt?
 - e. Þekkið þið einhver slík börn? Hvernig getið þið komið þeim til hjálpar?

Tillögur um framhald

- Í verkefninu „Hver á að ákveða?“, bls. 100, er varpað fram spurningum um fjölskyldulíf og hvernig fólk kemur sér saman um hlutina.
- Í nokkrum verkefnum er einnig fjallað um staðlaðar hugmyndir: „Myndaleikir“, bls. 150, „Hver er fyrir aftan mig?“, bls. 104, og „Alþjóðlegar sumarþúðir“, bls. 56.

Hugmyndir um aðgerðir

- Skipuleggðu heimsóknir á vistheimili og komdu á samræðu- eða vinahópum með börnunum þar.
- Ef einhver starfsemi fer fram á vegum sveitarfélagsins sem lýtur að því að „ættleiða ömmu/afa“ eða „ættleiða foreldri“ er hugsanlegt að einhver barnanna vildu taka þátt í henni.
- Sum börn langar ef til vill til að koma af stað verkefni um að „ættleiða bróður eða systur“, þá hugmynd má t.d. kynna í skólanum.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda

- Gættu þess að börnunum líði vel og að þeim verði ekki strítt fyrir að segja frá fjölskyldumynstri sem er öðruvísi en gengur og gerist. Leggðu stöðugt áherslu á umburðarlyndi, tilfinningar og lífsgildi sem tengjast fjölskyldunni sem slíkri.
- Mikilvægt er að þekkja til fjölskylduaðstæðna barnanna og laga verkefnið að þeim þannig að ekkert þeirra fari hjá sér eða finnist eigin aðstæður óþægilegar á einhvern hátt.
- Lestu ítarefnið um fjölskylduna og aðra umsjáraðila, bls. 232, áður en börnin eru látin vinna þetta verkefni. Þar er einnig að finna hugmyndir um ýmsar fjölskyldugerðir eða fjölskyldumynstur sem komið geta að gagni í þessu verkefni.

Breyting

- Hægt er að vinna verkefnið á styttri tíma með því að sleppa viðbótarmyndunum. Þegar þú skiptir börnunum í hópa geturðu látið þau fjalla bara um myndirnar sem þau sjálf teiknuðu af fjölskyldu sinni og sleppa hinum myndunum. En þó er mikilvægt að ræða einnig um eða minnst a.m.k. á þau fjölskyldumynstur sem fyrirfinnast ekki í hópnum..

